

SAMÞYKKT

um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Hundahald í Hrunamannahreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

- a) Skylt er að skrá alla hunda í Hrunamannahreppi, þar með talda smalahunda á lögbýlum.
- b) Eigandi er ábyrgur fyrir hverju því tjóni sem hundur hans kann að valda. Eigendur eru hvattir til að hafa ábyrgðartryggingu.
- c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa utan eigin lóða og/eða lögbýlis nema smalahunda, minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Aðrir hundar skulu aldrei ganga lausir á almannafæri, heldur vera í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þótt í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir svo og starfstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað. Þeim sem þurfa aðstoð leiðsöguhunda (blindrahunda) skal þó heimill aðgangur að opinberum byggingum og vinnustöðum öðrum en þeim sem framleiða, framreiða eða selja matvöru.
- d) Hundaeigendum er skylt að sjá um að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í fjölbýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds.
- e) Hundaeigendum ber að öðru leyti að hlíta lögum og reglum er hundahald varða, þ.á m. reglum um árlega hreinsun svo og öðrum fyrirmælum er heilbrigðisnefnd kann að setja. Skylt er að bandormahreinsa alla hunda einu sinni á ári. Skila skal vottorðum þar að lútandi til skrifstofu sveitarstjórnar fyrir 20. desember ár hvert.

2. gr.

Fyrir brot á samþykkt þessari skal hundaeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu.

3. gr.

Allir flækingshundar sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni skulu teknir úr umferð. Á það jafnt við um hunda sem skráðir eru í Hrunamannahreppi sem og aðkomu hunda. Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitji ekki hundsins innan 7 daga hefur lögregla heimild til að lóga honum í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundaeiganda.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og þeim lógað þegar í stað af eiganda og/eða lögreglu. Sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari nema um lögreglumál sé að ræða.

4. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps og staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.